



**FISKISTOFA**  
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

# Vegferðin að grænu skrefunum fimm



Guðni Magnús Eiríksson  
Formaður Umhverfisaráðs

# Fiskistofa

- Fiskistofa var stofnuð árið 1992
- Fiskistofa sinnir stjórnýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði
  - Söfnun, úrvinnsla og miðlun upplýsinga varðandi þau viðfangsefni
- Stofnunin heyrir undir matvælaráðherra
  - Framfylgir lögum og reglum og stefnu stjórnvalda
- Á Fiskistofu starfa 59 manns



# Hlutverk og framtíðarsýn



Stuðlum að sjálfbærri nýtingu  
auðlinda hafs og vatna

# Skipurit Fiskistofu



# Starfsstöðvar



- Akureyri (30)
- Ísafjörður (3)
- Stykkishólmur (3)
- Hafnarfjörður (18)
- Vestmannaeyjar (3)
- Höfn í Hornafirði (2)

# Vinnuhópur vegna Grænna skrefa

- Verkefnið unnið þvert á svið og náði til allra starfsstöðva
  - Fulltrúar frá öllum starfsstöðvum
  - Fulltrúar frá öllum starfseiningum
- Lögðum áherslu á það taka skrefin í sameiningu
- Í hópnum voru 8 aðilar
- Reglulega fundað, en samskipti líka á Teams



# Vinnuhópur vegna grænna skrefa, síðar Umhverfisráð







## GRÆN SKREF

- 3. desember 2019: Fiskistofa skráð
- 28. desember 2021: Grænt skref 5

**Það tók Fiskistofu því 2 ár að ljúka við grænu skrefin fimm**





# Leiðbeiningar - gátlistar

- Nýttum okkur gögn og gátlista frá Umhverfisstofnun
  - Samnýttum gátlista fyrir starfsstöðvar
- **Umhverfisráð eyddi ekki tíma eða orku í að ræða hvað mætti betur fara í fyrirmælum**
- Nýttum tækifæri til að koma að athugasemdum eða spurningum þegar þau gáfust á samráðsfundum með UST





GRÆN SKREF

# Sameiginlegir gátlistar starfsstöðva

*Þátttakandi skal einnig uppfylla fyrsta til þriðja skref*



Gátlisti fjórða skrefsins

36 aðgerðir

Lýsing á fyrirkomulagi hjá stofnun - Akureyri

Lýsing á fyrirkomulagi hjá stofnun - Hafnarfjörður

## Miðlun og stjórnun

Umhverfissjónarmið sem huga þarf að við innkaup í tengslum við fundi og viðburði eru listuð upp. Leiðbeiningarnar eiga líka við þegar innhúss viðburðir eru skipulagðir (starfsmannafundur o.s.frv.).

einnig sjá með fylgigögnum í skrefi 4.

0081". Skjalið má einnig sjá með fylgigögnum í skrefi 4.

Nýtt starfsfólk sem hefur hlutverki að gegna í innkaupum fær grunnþjálfun í vistvænum innkaupum hjá stofnuninni.

Erum með í gæðakerfi stofnunarinnar verklagsreglur varðandi innkaup þar sem lögð er áhersla á vistvæn innkaup. Reglulega (einu sinni á ári) þurfa starfsmenn að staðfesta lesur á gæðsskjölum sem varða þeirra starf.

Erum með í gæðakerfi stofnunarinnar verklagsreglur varðandi innkaup þar sem lögð er áhersla á vistvæn innkaup. Reglulega (einu sinni á ári) þurfa starfsmenn að staðfesta lesur á gæðsskjölum sem varða þeirra starf.

Við kaup á efnavöru (s.s. málningu, lím, lakk og annan efnivið) forðumst við að velja efni sem eru hættuleg umhverfinu og kaupum umhverfsvottuð (týpa 1) efni eins og hægt er.

Lítið/ekkert um kaup á efnavöru sökum eðli starfseminnar. Hreinsiefni eru valin af Dögum og Dagar eru svansvottaðir og velja umhverfsvænar vörur.

Lítið/ekkert um kaup á efnavöru sökum eðli starfseminnar. Hreinsiefni eru valin af Sólar sem hafa svansvottun og velja umhverfsvænar vörur.

## Samgöngur

75% bílafloata vinnustaðarins notast við innlenda orkugjafa s.s. rafmagn, vetni, metan og lífdísel.

Komum ekki til með að uppfylla þetta ákvæði strax. Eigum einn rafbíl í Vestmannaeyjum sem keyptur var 2020. Einn bíll var keyptur á árinu 2021 og var það rafbíl. Ef um rafmagnsbíla er að ræða erum við háð því að komast í hraðhleðslu út um allt land. Við fetum okkur því hægt í þessari vegferð en viljinn er fyrir hendi.

Komum ekki til með að uppfylla þetta ákvæði strax. Eigum einn rafbíl í Vestmannaeyjum sem keyptur var 2020. Einn bíll var keyptur á árinu 2021 og var það rafbíl. Ef um rafmagnsbíla er að ræða erum við háð því að komast í hraðhleðslu út um allt land. Við fetum okkur því hægt í þessari vegferð en viljinn er fyrir hendi.



FISKISTOFA  
TRAUÐ · FRAMSGÆNI · VIRÐING



# Aðgerðir

- Miðlun og stjórnun: Stefna, grænt bókhald
- Innkaup: Vinnulýsingar
- Samgöngur: Fjarvinna, samningar
- Rafmagn og húshitun: Umgengni
- Flokkun og minni sóun: Vinnulýsingar
- Viðburðir og fundir: Vinnulýsingar
- Eldhús og kaffistofur: Sameiginlegt



# Gæðakerfi - Verklag



## Tilgangur og gildissvið:

Tilgangur með verklagsreglu þessari er að þegar viðburðir eru skipulagðir skulu Græn skref höfð að leiðarljósi frá upphafi til enda.

Verklagsreglan gildir um alla viðburði sem skipulagðir eru af Fiskistofu.

## Ábyrgð:

Mannauðsstjóri ber ábyrgð á að verklagsreglan sé endurskoðuð og henni viðhaldið.

Sviðsstjórar, hver á sínu sviði, bera ábyrgð á að starfað sé eftir verklagsreglunni.

## Vinnuferlið:

Fiskistofu er annt um umhverfið og telur mikilvægt að Græn skref séu höfð í fyrirrúmi í allri starfsemi hennar, þ.á.m. þegar kemur að skipulagningu viðburða.

Starfsmenn sem skipuleggja viðburði fyrir hönd Fiskistofu skulu kynna sér bækling Grænna skrefa um [sjálfbæra viðburðarskipulagningu](#) og styðjist við [gátlista](#) sem er að finna á [vef Grænna skrefa](#).

Í þeim tilvikum þegar [fjarfundir](#) henta ekki, skal huga að sjálfbærni frá upphafi til enda viðburða. Hér að neðan eru talinn upp mikilvægustu atriði sem þarf að huga að við skipulagningu funda, ráðstefna o.fl.:

- **Val á ráðstefnusal/þjónustuaðila:** Velja góða aðstöðu [ráðstefnusal/þjónustuaðila](#) sem er með [umhverfisvottun](#), s.s Svaninn, ISO umhverfisvottun eða Græna lykilinn.




# grænt BÓKHALD

- Grænu bókhaldi var fyrst skilað til Umhverfisstofnunar fyrir árið 2019
- Niðurstöður hafa verið kynntar starfsfólki í starfsmannafundum og á Workplace
- Gagnlegar upplýsingar um stöðu og þróun mála




# grænt BÓKHALD

## Pappír




# grænt BÓKHALD






# grænt BÓKHALD



# grænt BÓKHALD

## Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda



# Notuðum starfsmannafundi og Workplace til að miðla upplýsingum



**Guðni Magnús Eiríksson**

January 5, 2022 · 🌐



Til hamingju Fiskistofa 😊

Fimm græn skef á öllum starfsstöðvun ❤️

Við höfum öll lagt okkar af mörkum á Fiskistofu meðvitað eða ómeðvitað. Aðgerðir hafa miðað að því að minnka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi Fiskistofu. Það hefur verið gert með því að stuðla að minni sóun og flokkun á úrgangi, ábyrgri stefnu varðandi samgöngur (t.d. með samgöngusamningum og fjölgun rafbíla), kolefnisjöfnun, grænu bókhaldi og umhverfisstjórnkerfi. Í framhaldi mun Umhverfissráð Fiskistofu taka til starfa og sjá til þess að við höldum okkur á grænni grein.

Ég hef leitt þessa vinnu en þeir sem hafa tekið þátt í þessu starfi beint auk mín eru: [Björk](#), [Daði](#), [Halla María](#), [Sævar](#), [Björg](#), [Njáll](#), [Brynjólfur](#), [Rafn](#), [Sólmundur](#) og [Karen](#). Auk þess hefur yfirstjórn komið að þessari vinnu. Takk fyrir samstarfið... við höfum unnið fyrir þessu 😊

|            |                            |    |   |       |
|------------|----------------------------|----|---|-------|
| 03/12/2019 | <a href="#">Fiskistofa</a> | 63 | 6 | 👍👍👍👍👍 |
|            | Hafnarfjörður              |    |   | 👍👍👍👍👍 |
|            | Vestmannaeyjar             |    |   | 👍👍👍👍👍 |
|            | Stykkishólmur              |    |   | 👍👍👍👍👍 |
|            | Ísafjörður                 |    |   | 👍👍👍👍👍 |
|            | Höfn í Hornafirði          |    |   | 👍👍👍👍👍 |
|            | Akureyri                   |    |   | 👍👍👍👍👍 |



17

5 comments Seen by 55



**FISKISTOFA**  
TRAUÐ - FRAMSÆKNI - VIRÐING

# Hvað gekk vel ?

- Góður starfsandi í hópnum
- Gott samstarf við ráðgjafa Umhverfisstofnunar
- Verkefni leyst í sameiningu
- Almennt hafði verkefnið jákvæð áhrif á vinnustaðnum
- **Grænt bókhald** hefur veitt innsýn í umhverfisáhrif starfseminnar





## “Græna hornið”

- Yfirstjórn Fiskistofu hittist vikulega og fer yfir verkefnastöðu og viðfangsefni
- Aðilar í yfirstjórn skiptist á að stjórna fundi
- Ég talaði fyrir því að “Græna hornið” var tekið upp á yfirstjórnarfundum
  - Fundarstjóri kæmi með stutt innlegg um umhverfismál að eigin vali
- Mæltist ágætlega fyrir, en var fljótt tekið af dagskrá





Erna Jónsdóttir

December 7, 2021 · 🌐



Í græna horninu í dag benti ég þrjú einföld ráð til að minnka rafmagnsnotkun á starfstöðvunum og hvatti til grænna jólagjafa;

1. Slökkva ljósin á skrifstofunni þegar við förum heim - draugar þurfa ekki lýsingu.
2. Hlýða Möggu og læsa tölvunni þegar við skreppið frá en ekki nota screen saver. Svartur skjár eyðir minna rafmagni en skjár sem er kveikt á eða er með screensaver.
3. Slökkva á tölvunni í lok dags. Það eru líklega um 40 tölvur í notkun dagsdaglega á Fiskistofu þannig að það munar um minna.

## GRÆNAR GJAFIR

# CRAP-FREE CHRISTMAS GIFT BUYING GUIDE



Use the power of your 'Christmas pound' to cast a vote for the kind of world you want

BUY  
ETHICAL

- Organic
- Fair-trade
- Living wage
- Plastic-free
- Sustainable

When you buy from an independent business, the owner does a **happy dance**.  
With big chains, not so much.

BUY  
LOCAL

When you buy local, more of your money stays in the local economy (rather than the pockets of Fat Cat execs)



ISKISTOFA  
UST · FRAMSÆNI · VIRDING

# Áskoranir



- Litlar starfsstöðvar: 1-3 starfsmenn
- Ruslafötur á skrifstofum !!
- Samnýting á skrifstofurými og mötuneyti
  - Fiskistofa ekki með fulla stjórn
- Lítil áhugi stjórnenda
  - Málinu útvistað til Umhverfisiráðs 😊

Verkefnið hefði þó ekki verið sett á dagskrá og leyst nema fyrir stuðning stjórnenda







## 5. skrefi lokið

- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Aðgerðaráætlun
  - Aðgerðir skilgreindar
  - Tímasett markmið
- Grænu bókhaldi skilað árlega
- Umhverfisiráð starfandi
  - Fundar reglulega
  - Veitir aðhald



Guðni Magnús Eiríksson

September 28, 2020 · 🌐



Lax- og silungsveiðisvið hefur nú losað sig við ruslatunnur af skrifstofum 😊 Nú verður allt flokkað



Vinum nú  
að því að fá  
endurúttekt